

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini

1. gr.

- a. liður 4. tl. 3. mgr. 2. gr. orðast svo:
útgáfu fullnaðarskírteinis í stað bráðabirgðaskírteinis,

2. gr.

8. gr. breytist svo:
a. 1. töluliður 5. mgr. A. liðar 8. gr. breytist svo:
Í lok töluliðarins bætist við „sem fengið er á grundvelli ökuþrófs þar sem próf í aksturshæfni hefur verið tekið á ökutæki með beinskiptingu“
b. 2. töluliður 5. mgr. A. liðar 8. gr. breytist svo:
„DE-“ bætist við á milli D-, og D1-

3. gr.

14. gr. ber fyrirsögnina „Endurmenntun bílstjóra“ og orðast svo:
Nám fyrir þann, sem uppfylla þarf skilyrði 3. mgr. 19. gr. um endurmenntun, skal fara fram hjá viðurkenndum námskeiðshaldara, þ.e. ökuskóla sem hefur starfsleyfi eða hjá öðrum aðila með sérstöku leyfi Samgöngustofu. Viðurkenndur námskeiðshaldari getur boðið upp á fjarnám uppfylli það kröfur þessa ákvæðis.
Fjöldi kennslustunda skal vera samtals 35 stundir í 7 stunda lotum.
Námið skal fara fram í samræmi við námskrá sem Samgöngustofa setur og ráðherra staðfestir.

4. gr.

1. málslíður 3. mgr. 19. gr. breytist svo:
Í stað „2015“ kemur „2018“.

5. gr.

22. gr. breytist svo:
a. Nýr 1. töluliður 3 mgr., sem orðast svo:
65 ára, en ekki orðinn 70 ára 5 ár.
b. Eldri 1. töluliður verður 2. töluliður o.s.frv.

6. gr.

52. gr. breytist svo:
a. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, e-liður, sem orðast svo:
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/85/ESB um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 284/2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. (kemur síðar).
b. 5. mgr. orðast svo:
Með reglugerð þessari er innleidd ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/209/ESB um jafngildi milli flokka ökuskírteina sem tekin var upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16 frá 19. mars 2015, bls. 672.

7. gr.

F – liður III. viðauka orðast svo:

F) Taugasjúkdómar og kæfisvefn.

Taugasjúkdómar.

- 11.1 Ökuskírteini má hvorki gefa út né endurnýja fyrir umsækjanda sem er haldinn alvarlegum taugasjúkdómi, nema umsóknin sé studd álitni þar til bær læknis. Í þessu sambandi skal taka tillit til truflana í taugakerfi sem stafa af sjúkdómi eða uppskurði og hafa áhrif á miðtaugakerfið eða úttaugakerfið og koma fram í slakri skynjun eða hreyfigetu og hafa áhrif á jafnvægi og samhæfingu, vegna áhrifa þeirra á starfshæfni og hættu á að einkennin aukist. Í þeim tilvikum getur útgáfa eða endurnýjun ökuskírteinis verið háð reglulegu endurmati þegar hætta er á að ástandið versni.

Kæfisvefn

- 11.2. Í eftirfarandi liðum samsvarar kæfisvefn á meðalháu stigi 15 til 29 tilvikum öndunarhléa og / eða öndunarþrenginga á klukkustund ((vísitala fyrir öndunarhlé og öndunarþrengingar (AHI-vísitalan)) e. *Apnoea-Hypopnoea Index (AHI)*) og kæfisvefn á háu stigi samsvarar 30 eða fleiri tilvikum öndunarhléa og / eða öndunarþrenginga á klukkustund, báðar gerðirnar tengjast mikilli dagsyfju.
- 11.3. Ef grunur leikur á að umsækjendur eða ökumenn séu haldnir kæfisvefni á meðalháu eða háu stigi skal þeim vísað til frekari, viðurkenndrar læknisfræðilegrar ráðgjafar áður en ökuskírteini er gefið út eða endurnýjað. Heimilt er að ráðleggja þeim að aka ekki þar til greining hefur verið staðfest.
- 11.4. Gefa má út ökuskírteini til umsækjenda og ökumanna sem haldnir eru kæfisvefni á meðalháu eða háu stigi ef þeir geta sýnt fram á með viðurkenndu læknisfræðilegu álitni að þeir hafi fullnægjandi stjórn á heilsufarsástandi sínu, fylgi viðeigandi meðferð og að dregið hafi úr syfju, ef hún var til staðar.
- 11.5. Umsækjendur eða ökumenn sem eru í meðferð við kæfisvefni á meðalháu eða háu stigi skulu fara reglulega í læknisskoðun, með ekki lengra en þriggja ára millibili fyrir ökumenn í hópi 1 og eins árs millibili fyrir ökumenn í hópi 2, með það í huga að staðfesta upp að hvaða marki meðferðinni er fylgt, þörfina fyrir áframhaldandi meðferð og áframhaldandi árvekni.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 frá 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu,

Ólöf Nordal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Greinargerð

Um 1. gr.

Með 4. gr. laga nr. 13/2015 um breytingu á umferðarlögum er því bætt við skilyrði 48. gr. umferðarlaga fyrir að veita megi ökuskírteini, að viðkomandi verði að hafa fasta búsetu hér á landi. Mælir ákvæðið ekki fyrir um sérstakar undanþágur frá slíku. Í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins sem varð að breytingarlögunum segir:

„Með ákvæði þessu er lögfest sú meginregla að maður verði að hafa fasta búsetu hér á landi til að geta fengið ökuskírteini. Í viðauka VIII við reglugerð um ökuskírteini nr. 830/2011 koma fram reglur um búsetuskilyrði í tengslum við útgáfu ökuskírteinis. Þetta skilyrði er þess eðlis að um það verður að vera mælt í lögum. Er skilyrðið í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2006/126/EB um ökuskírteini.“

Nú er hins vegar raunin sú að í 4. tl. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar um ökuskírteini er að finna undanþágur frá skilyrðinu um fasta búsetu. Segir þar:

„Veita má ökuskírteini þeim sem:

..

4. hefur fasta búsetu hér á landi sem þó tekur ekki til:

- a. útgáfu fullnaðarskírteinis,*
- b. endurnýjunar ökuskírteinis,*
- c. útgáfu samrits,*
- d. útgáfu alþjóðlegs ökuskírteinis,*
- e. útgáfu akstursheimildar til bráðabirgða.“*

Talið er liggja ljóst fyrir að afnám allra framangreindra undanþága reglugerðarákvæðisins, fæli í sér nokkuð íþyngjandi breytingu. Er hér sjónum sérstaklega beint að a- og b-liðum ákvæðisins, en c-, d- og e-liðir eru í raun taldir nauðsynlegir og eðlilegir. Í ljósi þessa er ekki lagt til afnám þessara undanþága, heldur einungis smávægilega breytingu á a-liðnum þess efnis að sérstaklega verði tekið fram að undanþágan eigi við um útgáfu fullnaðarskírteinis í stað bráðabirgðaskírteinis. Er undanþágan þannig þrengd og nær þá til íslenskra fullnaðarskírteina sem gefin eru út í stað íslenskra bráðabirgðaskírteina.

Um 2. gr.

Með a-lið 2. gr. er lögð til breyting sem stuðlar að frekari skýrleika og er sett fram í kjölfar athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í bréfi vegna samræmisathugunar (*conformity assessment*) tilskipunar 2006/126/EB við íslenskan rétt. Var fullyrt við ESA að þetta atriði yrði skoðað og er talið rétt að leggja til þessa breytingu í kjölfarið.

Með b-lið 2. gr. er ökuréttindum í DE-flokki er bætt við í upptalningu þeirra flokka þar sem próf í viðkomandi flokki á beinskipt ökutæki heimilar að próf í C- og D-flokki sé tekið á sjálfskipt ökutæki án þess að komi til takmörkunar ökuréttinda í þeim flokki við sjálfskipt ökutæki. Ákvæði þetta er liður í innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/85/ESB. Þá skal tekið fram að ákvæðið er ívilnandi.

Um 3. gr.

Hér er lögð til ný útfærsla á 14. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um endurmenntun bílstjóra. Ákvæðið er mjög líkt núgildandi ákvæði, en tekur þó mið af 5. gr. laga nr. 13/2015 um breytingu á umferðarlögum. Er 1. mgr. 14. gr. breytt þannig að sérstaklega er tekið fram að viðurkenndir námskeiðshaldarar geti boðið upp á fjarnám. Einnig er orðalagi 1. mgr. 14. gr. breytt þannig að nú er gert ráð fyrir víðtækari heimildum annarra aðila en ökuskóla til að sinna endurmenntun. Slíkt er í samræmi við niðurstöður starfshóps innanríkisráðherra um endurmenntun atvinnubílstjóra, en hópnum var falið það hlutverk að útfæra nánar reglur um endurmenntunina og skila tillögum þar að lútandi til ráðherra. Markmiðið með vinnu hópsins var að leita leiða til að tilskipunin hefði sem vægust áhrif á íslenskt atvinnulíf og atvinnubílstjóra sem starfa hér á landi, m.a. með tilliti til kostnaðar, skipulags og tilhögunar námsins. Önnur atriði sem starfshópurinn lagði áherslu á er að finna í drögum Samgöngustofu að námskrá, sbr. 3. mgr. 14. gr.

Um 4. gr.

Breyting þessi er gerð í því skyni að reyna tryggja samræmi reglugerðarinnar við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 13/2015 um breytingu á umferðarlögum. Mun 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 830/2011 því verða svohljóðandi að þessari breytingu lokinni:

„Sá skal hafa sótt endurmenntunarnámskeið sem sækir um endurnýjun ökuskírteinis frá og með 10. september 2018 fyrir D1- og D-flokk til farþegaflutninga í atvinnuskyni og fyrir C1- og C flokk til vöruflutninga í atvinnuskyni. Hafi umsækjandi ekki sótt endurmenntunarnámskeið, má endurnýja ökuskírteini hans án réttinda til aksturs í atvinnuskyni.“

Um 5. gr.

Ökuskírteini fyrir almenn réttindi er gefið út til 15 ára og skírteini til aukinna ökuréttinda er gefið út til 5 ára, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs. Breytingin felur í sér að gefa skuli út skírteini til 5 ára sé umsækjandi orðinn 65 ára en ekki fullra 70 ára í stað þess að gefa út skírteini til 70 ára aldurs. Eins og gefur að skilja er breytingin ívilnandi og rökrétt.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er að finna innleiðingu tveggja tiltekinna gerða í innleiðingarákvæði 52. gr. reglugerðar nr. 830/2011.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/85/ESB um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini er með a-lið 5. gr. færð inn í innleiðingarákvæði 52. gr. reglugerðar nr. 830/2011, en öðrum ákvæðum reglugerðarinnar er svo einnig breytt m.t.t. tilskipunarinnar, sbr. umfjöllun greinargerðar þessarar um 2. og 7. gr.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/209/ESB leysir af hólmi fyrri ákvörðun um sama efni, þ.e. 2013/21/ESB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.

231/2014. Af þeim sökum er 5. mgr. 52. gr. reglugerðar nr. 830/2011 breytt á þá leið að ákvörðun 2014/209/ESB kemur þar í stað ákvörðunar 2013/21/ESB. Umrædd ákvörðun felur í sér útlistun á jafngildi flokka ökuskírteina og hefur einna helst þýðingu fyrir útgefendur ökuskírteina. Innleiðing ákvörðunarinnar krefst ekki annarra efnislegra breytinga á ákvæðum reglugerðar nr. 830/2011.

Um 7. gr.

Ákvæðið er liður í innleiðingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/85/ESB, en í henni kemur fram að fjölmargar rannsóknir hafi nýlega verið gefnar út sem staðfesta að kæfisvefn er einn af helstu áhrifaþáttum umferðaslysa og að því verði að bregðast við. Í samræmi við ákvæði tilskipunar er því F-lið III. viðauka reglugerðar nr. 830/2011 breytt til samræmis við tilskipunina. Er með breytingunni kveðið á um að við læknisskoðun skuli læknir meta hvort umsækjandi er haldinn kæfisvefni og ef svo er, hver alvarlegur hann er. Viðmið eru tilgreind um alvarleika. Ökumenn greindir með kæfisvefn geta staðið frammi fyrir því að þurfa að fara í læknisskoðun reglulega (*ökumenn í hópi 1 að lágmarki á þriggja ára fresti og í hópi 2 að lágmarki árlega*) til að meta árangur meðferðar, nauðsyn á áframhaldandi meðferð og árvekni. Eins og áður segir er breyting þessi að fullu í samræmi við ákvæði tilskipunar 2014/85/ESB.